

R E G L U G E R Ð

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

Fyrir opinn bát	kr. 1 000
Fyrir opinn bát með vél	— 1 800
Fyrir þilfarsskip minna en 15 rúml.	— 3 200
Fyrir þilfarsskip 15 rúml. allt að 30 rúml.	— 4 000
Fyrir þilfarsskip 30 rúml. allt að 50 rúml.	— 5 400
Fyrir þilfarsskip 50 rúml. allt að 100 rúml.	— 6 200
Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 200 rúml.	— 9 200
Fyrir þilfarsskip 200 rúml. allt að 300 rúml.	— 10 400
Fyrir þilfarsskip 300 rúml. allt að 400 rúml. og stærri	— 13 000

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist 1/3 hluti, fyrir vélaskoðun greiðist 1/3 og fyrir holskoðun greiðist 1/3 hluti.

Hálf rúmllest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi og eru stærri en 400 rúml., skulu skipaskoðunarmönnum greiddar kr. 4 200 enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða.

2. gr.

Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

3. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 2 000.00.

4. gr.

Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skriki reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr., skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr., greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi, um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, er hér með sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 276 24. september 1973, um laun skipa-
skoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið, 31. mars 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

Fyrir þilfarsskip minna en 15 rúml.	kr. 3 600
Fyrir þilfarsskip 15 brl. allt að 30 brl.	— 5 400
Fyrir þilfarsskip 30 brl. allt að 50 brl.	— 7 200
Fyrir þilfarsskip 50 brl. allt að 100 brl.	— 9 000
Fyrir þilfarsskip 100 brl. allt að 200 brl.	— 12 600
Fyrir þilfarsskip 200 brl. allt að 300 brl.	— 15 300
Fyrir þilfarsskip 300 brl. allt að 500 brl.	— 18 000
Fyrir þilfarsskip 500 brl. allt að 800 brl.	— 21 600
Fyrir þilfarsskip 800 brl. allt að 1200 brl.	— 22 500
Fyrir þilfarsskip 1200 brl. allt að 200 brl.	— 27 000
Fyrir þilfarsskip 2000 brl. allt að 5000 brl.	— 31 500
Fyrir þilfarsskip 5000 brl. og stærri	— 36 000

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greitt hálf gjald samkvæmt þessari grein, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða, ella greiðist gjaldið að fullu.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun, hvort heldur hún fer fram að tilhlutun skipstjóra skips, eiganda þess eða siglingamálastjóra, skal greiða samkvæmt reikningi hans fyrir útlögðum kostnaði. Gjaldið skal miðað við 22. flokk í launakerfi starfsmanna ríkisins. Heimilt er að leggja 30% á gjaldið, þó ekki á ferðakostnað. Fari fram öxulskoðun utan aðalskoðunar telst hún aukaskoðun.

3. gr.

Smíði og viðgerðir.

1. Fyrir eftirlit með smíði óflokkaðra skipa innanlands skal greitt eftir reikningi siglingamálastjóra, þó aldrei minna en fimmfalt gjald samkvæmt 1. gr. Sé um opinn bát að ræða, greiðist kr. 3 000.00.
2. Fyrir hvers konar eftirlit með skipum erlendis, skal greiða útlagðan eftirlitskostnað hverju sinni, samkvæmt reikningi siglingamálastjóra. Heimilt er að